



Víðtæk eignatrygging

Skilmáli E-9

Víðtæk eignatrygging er ætluð fyrir bæði einstaklinga og rekstraraðila sem vilja tryggja sérstakan búnað eða lausafjármuni, s.s. myndavélar, mælingartæki eða hljóðfæri fyrir óvæntum tjónum.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um vátrygginguna gilda vátryggingarskírteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á vátryggðum munum af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Vátryggingin bætir ekki tjón sem:

- orsakast af snöggum hita og rakabreytingum.
- stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi og innri bilunum svo sem vélrænum bilunum.
- verður þegar vátryggður gleymir hlut eða týnir.

3. gr. Varúðarreglur

- Vátryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins vátryggða hlutar.
- Vátryggðum ber að læsa tryggilega hýbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannllausir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu vátryggða.
- Vátryggður, heimilisfólk hans eða starfsmenn skulu fara með vörslu og umsjón hins vátryggða. Sé hið vátryggða afhent öðrum til vörslu eða umsjónar ber að fá samþykki félagsins fyrir því.
- Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðenda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald vátryggðra muna.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hvað er vátrygg?

Vátryggingin tekur til þeirra muna sem skráðir eru á vátryggingarskírteini.

5. gr. Hver er vátryggður og meðvátryggður?

Vátryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir eru á vátryggingarskírteini.

Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í lausafénu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður.

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum, enda eru vátryggðir munir í umsjá vátryggðs.

7. gr. Vátryggingarverðmæti

Vátryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini. Fjárhæðin breytist við endurnýjun samkvæmt vísitölu neysliverðs.

Upphæð váttryggingarfjárhæðar telst ekki vera sönnun á verðmæti hinna váttryggðu hagsmuna.

Váttryggingartaka ber sjálfum að gæta þess að váttryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu á hverjum tíma.

8. gr. Óbeint tjón

Váttryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.

9. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Ákvörðun bóta

- a. Tjónsbætur miðast almennt við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum, miðað við markaðsvirði á tjónsdegi.
- b. Ef ekki er um altjón að ræða getur félagið annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist, þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- c. Ef félagið greiðir bætur í peningum eða útvegar sambærilegan hlut, áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- d. Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.
- e. Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

11. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða váttryggða muni og umbúnað þeirra telji það þörf á.

12. gr. Vísitala

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun.

Skilmálar þessir gilda frá 01.11.2022